

Fundargerð aðalstjórnar Gróttu 8.ágúst 2011

Haldinn í fundarhebergi Gróttu

Mættir: Eiríkur Elís Þorláksson, Haraldur Eyvinds, Andri Sigfússon, Ásta Sigvaldadóttir, Árni Pétursson, Kristín Finnbogadóttir og Guðrún Kaldal. Guðjón Norðfjörð og Unnur Halldórsdóttir boðuðu forföll.

Fundur settur kl. 20:08

Dagskrá:

1. Yfirlit deilda
2. Gróttudagur
3. Foreldraráð – námskeið – hlutverk
4. Þjálfaramál deilda
5. Sumarnámskeið hvernig gekk/gengur
6. Fitkid- fimleikadeild
7. Heimasíðan
8. Önnur mál
 - a. Systkinaafsláttur – iðkendagjöld
 - b. Samningar yngri iðkenda
 - c. Æfingatafla – ósk til ÍTS

1. Yfirlit deilda

Handknattleiksdeild

Búið að ráða þjálfara á alla yngri flokka nema 6.flokk karla. Það er í vinnslu. Litlar breytingar verða á þjálfaramálum. Stór skörð er í meistaraflokki karla eftir að sterkir leikmenn hurfu á brott. Liðið verður mjög ungt að árum á næstu leiktíð. Meistaraflokkur kvenna er einnig ungt en verður árinu eldri en í fyrra.

Knattspyrnudeild

Meistaraflokkur karla er í mikilli baráttu í 1.deildinni. Þjálfaramál yngri flokka eru í fullum gangi.

Fimleikadeild

Sambland úr þremur hópum fóru til Ungverjalands til æfingaferð í sumar. Allir þeir hópar fóru síðan í æfingaferð til Akureyrar. Það verða ekki miklar breytingar á þjálfaramálum en breyting verður á yfirþjálfarastarfinu. Gabriella Belányi verður yfir barnastarfinu, Gabor Kiss verður yfir afrekshópnum og Harpa Hlíf Bárðadóttir verður yfir hópfimleikunum. Von er á nýjum ungerskum þjálfara til starfa.

2. Gróttudagur

Verður haldinn með pompi og pragt laugardaginn 27.ágúst nk. AS fór yfir grófa dagskrá dagsins sem verður auglýstur fljótlega. Formlegt boð verður sent á bæjarstjórn og ÍTS.

3. Foreldraráð - námskeið - hlutverk

Þörf að fara í endurskoðun á hlutverkum foreldraráðs og hlutverkum þjálfara á mótum. AS mun taka saman punkta sem fer inn í þjálfarasamninga.

4. Þjálfaramál deilda

Búið að fara yfir þetta mál

5. Sumarnámskeið - hvernig gekk/gengur

Mikil aukning á sumarnámskeiðum. Nefndarmenn sammála að hluta þess sé að þakka sumarþæklingi sem gefinn var út í vor. Mánaðarmótin ágúst/september verður farið yfir með fulltrúum bæjarins hvernig til tókst.

6. Fitkid - fimleikadeild

Hefur óskað eftir því að vera innan Gróttu. Synjað

7. Heimasíðan

Samþykkt að hrinda nýrri heimsíðu í gagnið

8. Önnur mál

a. Systkinaafsláttur - iðkendagjöld

Hækkanir hjá knattspyrnudeild. Hugsanlegar hækkanir hjá fimleikadeild. Engar breytingar hjá handknattleiksdeild

b. Samningar yngri iðkenda

Samningur við ungan iðkenda ræddur. Stjórnin ætlar að skoða betur samninga við unga iðkenda og kynna sér málin þar sem þekking fundarmanna var ekki nægileg til að geta tekið afstöðu til málsins.

c. Æfingatafla - ósk til ÍTS

Samþykkt að senda ÍTS beiðni um aukna tíma í íþróttahúsinu

d. Fyrirmyndafélag

Rætt um kosti þess og galla að vera Fyrirmyndfélag ÍSÍ

e. Erindi um stofnun kraftlyftingadeildar innan félagsins

Rætt um kosti þess og galla. Aðalstjórn félagsins er jákvæð þessu erindi og getur hópurinn fram að næsta aðalfundi keppt undir merkjum félagsins. Hópurinn getur lagt fram á næsta aðalfundi tillögu um stofnun kraftlyftingadeildar. Hópurinn verður að undirgangast reglur og lög félagsins.

f. Erindi frá handknattleiksdeild

Eiríkur Elís lagði fram tvo samninga til samþykktar. Stjórnin fer yfir málið. Aðalstjórn minnir deildir á að samningur við þjálfara eða iðkanda tekur ekki gildi fyrr en hann hefur verið samþykktur af aðalstjórn. Mikilvægt sé að fá alla samninga inn til framkvæmdarstjóra félagsins.